



HAFNARFJÖRÐUR

Reglur um greiðslur vegna dvalar barna úr Hafnarfirði há dagforeldrum

Gildir frá 3. apríl 2019

1. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári fjárhæð vegna dvalar barna úr Hafnarfirði hjá dagforeldrum. Dagforeldrar eiga val um að greiðsla á sumarmánuði falli til í júlí eða ágúst. Bæjarstjórn ákveður fjárhæð hverju sinni að fenginni tillögu fræðsluráðs.
2. Skilyrði fyrir greiðslum eru eftirfarandi:
 - a. Að foreldri eigi lögheimili í Hafnarfirði.
 - b. Að barn hafi náð níu mánaða aldri hjá foreldrum í sambúð þegar greiðsla hefst og 6 mánaða aldri hjá einstæðu foreldri og námsmönnum. Skila þarf inn staðfestingu skóla til daggæslufulltrúa sé um námsmenn að ræða.
 - c. Að viðkomandi dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum.
 - d. Að barn sé slysatryggt.
 - e. Að þríhliða samningur sé undirritaður af dagforeldri, foreldri/forráðamanni og samþykktur af daggæslufulltrúa.
3. Mánaðarleg greiðsla miðast við dvalartíma barns og er kr. 8.011 kr. fyrir hverja klukkustund á dag.
4. Greidd er viðbótar niðurgreiðsla til tekjulágra foreldra/forráðarmanna og er kr. 9.551 (viðbótarniðurgreiðsla 2) og kr. 11.194 (viðbótarniðurgreiðsla 1) í samræmi við eftirfarandi tekjuviðmið:

Einstaklingur

0 til 4.294.104 kr. -(allt að á mánuði 357.842 kr.)

Viðbótarniðurgreiðsla 1

4.294.105 til 5.152.924 kr. - (allt að á mánuði 429.410 kr.)

Viðbótarniðurgreiðsla 2

Í sambúð

0 til 6.011.744 kr. - (allt að á mánuði 500.979 kr.)

Viðbótarniðurgreiðsla 1

6.011.745 til 7.214.094 kr. - (allt að á mánuði 601.174 kr.)

Viðbótarniðurgreiðsla 2

Afsláttur er reiknaður út frá álagningu ársins á undan, það er samtalan af stofni til útreiknings tekjuskatts og útsvars (reitur 2.7) og fjármagnstekjum samtals (reitur 3.10). Ef tekjur hafa breyst á árinu skal skila inn gögnum um tekjur sl. þriggja mánaða.

5. Ef systkini eru á sama tíma í daggæslu í heimahúsi eru greiddar kr. 16.022 í grunngjald fyrir hverja klukkustund á dag **með öðru barni** og eru fjárhæðir óháðar tekjum.
6. Foreldrar fá afslátt af dvalargjaldi leikskóla eða frístundaheimilis ef þeir eru með börn samtímis í leikskóla eða frístundaheimili. Taka skal þær upplýsingar fram á samningi og daggæslufulltrúi sendir staðfestingu á leikskóla/frístundaheimili.
7. Sérstök niðurgreiðsla er greidd vegna barna eldri en fimmtán mánaða og er kr. 11.194 fyrir hverja klukkustund á dag. Ekki er greitt fyrir fleiri en 8 ½ stundir á dag. Greiðslur hefjast næsta mánuð eftir að barnið hefur náð fimmtán mánaða aldri og eru fjárhæðir óháðar tekjum. Frá og með 1. ágúst 2017 miðast niðurgreiðslan við fimmtán mánaða aldur.

Samþykkt í bæjarstjórn

3. apríl 2019

Rósa Guðbjartsdóttir

bæjarstjóri